

Kirkjuþing 2020-2021

15. mál-þskj. 15

T I L L A G A

til þingsályktunar um breytingu fasteignastefnu þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af kirkjuráði.

Frsm. Axel Árnason Njarðvík.

Kirkjuþing 2020-2021 samþykkir eftirfarandi breytingar á fasteignastefnu þjóðkirkjunnar:

1. gr.

Í stað orðsins „kirkjumálasjóðs“ í fyrria kaflaheiti og 6.-8., 10.-12., 14.-16. og 18.-19. gr. fasteignastefnunnar kemur: þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Við 4. gr. fasteignastefnunnar bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Verkátun um umhirðu jarða þjóðkirkjunnar skal vera í gildi á hverri tíð og gerð á grundvelli heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Kirkjuráð og/eða umhverfisnefnd kirkjunnar skal leggja verkátun til samþykktar á kirkjuþingi.

3. gr.

5. gr. fasteignastefnunnar orðast svo: Við umsýslu fasteigna skal unnið á grundvelli viðeignadi lagaákvæða og góða stjórnsýsluhátta.

4. gr.

Í stað orðanna „embættisbústaði“ og „embættisbústaðir“ í 14. og 15. gr. fasteignastefnunnar kemur: bústaði; bústaðir.

5. gr.

Í stað fyrsta málsliðar 19. gr. fasteignastefnunnar koma tveir nýir málsliðir:

Fasteignir þjóðkirkjunnar skulu ekki leigðar lengur en til fimm ára í senn. Ef jarðir eru auglýstar til sölu eða leigu skal öllum gefinn kostur á að bjóða í þær.

6. gr.

21. gr. fasteignastefnunnar orðast svo:

Þjóðkirkjan fjárfestir í uppbyggingu landbúnaðarstarfsemi á jörðum í eigu þjóðkirkjunnar aðeins í þeim tilvikum þegar unnið er að kolefnisbindingu, enda felast í slíku

möguleikar til tekjuöflunar í framtíðinni. Fjárfestingar þjóðkirkjunnar skal byggja á verkáætlun um umhirðu jarða hennar (svo sem til mótvægisáðgerða í loftslagsmálum) sem og fjárfestingarstefnu kirkjunnar.

4. gr.

22. gr. fasteignastefnunnar fellur brott.

Greinargerð.

Umhverfishópur þjóðkirkjunnar hefur unnið að gerð landnýtingarstefnu og verkáætlun fyrir endurheimt votlendis, landgræðslu og skógrækt 2020-2030 í því skyni að setja fram bæði skýr markmið um hvers vegna þjóðkirkjan ætti að halda í það land sem enn er í eigu hennar og þá með hvaða hætti ætti að ráðstafa því út frá grunnildum kirkjunnar um þjónustu og ábyrgð gagnvart jörðinni.

Í því samhengi skal minnt á það grunnildi kirkjunnar allrar að Jörðin sé sköpun guðs og við manneskjur erum ráðsmenn Jarðar. Okkur ber að vernda og næra lífríki og náttúru og nýta hana aðeins á sjálfbæran hátt, ásamt því að deila þeim gæðum með öllum manneskjum. Grundvallarviðhorf um sjálfbærni samábyrga nýtingu þjóðkirkjunnar á landi mótár leiðir landnýtingar hennar. Öll umsýsla lands, varanlegra eigna, sem og náttúrugæða sem þjóðkirkjan á eða hefur umsýslu með skal hafa góð tengsl manneskju, samfélags og náttúru að leiðarljósi, svo og velferð og sjálfbærni vistkerfa lífríkis, samfélags og menningararfs. Í ljósi aðsteðjandi umhverfis- og loftslagsvár og áðurnefndra gilda er lögð áhersla á að tryggja líffræðilegan fjölbreytileika og unnið markvisst gegn varanlegri spillingu vistkerfa og annarra náttúrugæða. Lögð verði áhersla á að vinna með opinberum aðilum að mótvægi í loftslagsmálum með endurheimt votlendis, skógrækt og landgræðslu þar sem það á við. Lögð skal áhersla á aðgengi allra að því að njóta náttúru í andlegum, jafnt sem heilsustyrkjandi og menningarlegum tilgangi.

Eðlileg nýting náttúrugæða, einkum þar sem hefð er fyrir að slíkt fari fram þar sem hún telst styrkja samfélagsleg sjónarmið. Þá útiloka þau heldur ekki nýtingu á endurnýjanlegum orkugjöfum á landi í rækt og notkun enda gangi það ekki á ósnortin víðerni. Hefðbundinn landbúnaður verði stundaður þar sem hefð er fyrir því, en með aukinni áherslu á sjálfbærni og lífræna ræktun í samræmi við samfélags-, umhverfis- og loftslagsmarkmið eins og þau koma fram í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Um leið þarf að fara fram umræða um hverjar þær jarðir sem enn eru í eignasafni þjóðkirkjunnar falli að þessum grunnmarkmiðum um þjónustu kirkjunnar við mann og umhverfi og hverjar ætti hugsanlega að selja vegna þess að eign þeirra stuðlar hvorki að kirkjulegri þjónustu né uppfyllir menningar- og/eða umhverfisleg markmið.

Í ljósi þess að ekki er langt síðan sett var fram og samþykkt fasteignastefna þjóðkirkjunnar á kirkjuþingi taldi umhverfishópurinn réttast að bæta við fyrirliggjandi fasteignastefnu þeim sjónarmiðum sem hann taldi þörf á að koma á framfæri.

Sjá verkáætlun fyrir umhirðu jarða þjóðkirkjunnar 2021-2031 í 23. máli kirkjuþings.

Að lokum er lagt til að tilgreindum orðum í faseignastefnu þjóðkirkjunnar verði breytt, sbr. 1., 3.-4. og 21. gr., til samræmis við viðbótarsamning þjóðkirkjunnar og íslenska ríkisins frá 6. september 2019 og viljayfirlýsingu hans, sbr. lög nr. 153/2019 og nr. 95/2020.